

LANDMÆLINGAR ÍSLANDS ÁRSSKÝRSLA 2004





Ávarp forstjóra

Landmælingar Íslands – til fyrirmyndar 2004

Landmælingar Íslands voru í hópi 5 stofnana sem voru til fyrirmyndar á árinu 2004. Í bréfi sem barst stofnuninni frá Herði Sigurgestssyni formanni nefndar sem valdi og mat stofnunarinnar í þessari skemmtilegu keppni segir meðal annars:

„Á síðustu árum hafa Landmælingar byggt upp öfluga starfsemi þar sem beitt er nútímalegum stjórnunarháttum. Fylgt er skýrri stefnumörkun, vönduðum verkefnaáætlunum og verkferlum og fylgst vandlega með framvindu. [...] Eins telur nefndin til fyrirmyndar hvernig Landmælingar hafa lagt sig fram um [að] bæta nýtingu þess fjár sem varið er til landmælinga og kortagerðar með samstarfssamningum við aðra opinbera aðila.“

Það er ekki hægt annað en að vera stoltur af starfsmönnum Landmælinga Íslands sem fá þessa umsögn frá sérfræðingum sem falið var að finna fyrirmyndir annarra í opinberum rekstri, til hamingju starfsmenn Landmælinga Íslands.

Árið 2004 var mjög viðburðaríkt hjá starfsfólki Landmælinga Íslands. Sérstaklega má nefna að landshnitakerfi Íslands var endurmælt í samvinnu við um 35 stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki og tókst það verkefni gríðarlega vel. Samstilltur hópur mælingamanna og gott veður allan tímann leiddi til þess að allt gekk upp. Annað vel heppnað samstarfsverkefni Landmælinga Íslands og samstarfsaðila er kaup á SPOT-5 gervitunglamyndum af öllu Íslandi. Þar hafa um 15 stofnanir tekið höndum saman um innkaup á gervitunglagögnum sem nýtast á fjölmörgum sviðum náttúruvísinda. Gert er ráð fyrir að myndatöku alls landsins ljúki sumarið 2005.

Auk hefðbundinnar kortaútgáfu á árinu 2004 kom út nýr kortadiskur. Í þetta sinn voru það sérkort Landmælinga sem voru gefin út á glæsilegum geisladiski. Landmælingar Íslands hafa nú gefið út tvær útgáfur af diskunum Á flugi yfir Íslandi auk þriggja kortadiska. Þessar útgáfur hafa slegið í gegn hjá ungum sem öldnum og það sem er ánægjulegast er að með þessari nýju tækni hefur tekist að gera kort aðgengileg miklu fleirum en áður fyrir mun lægra verð en áður.

Í september 2004 fengu Landmælingar Íslands nýjan umhverfisráðherra, Sigríði Önnu Þórðardóttur. Sigríður heimsótti stofnunina fljótlega eftir að hún tók við embættinu og lét hún vel af þeirri heimsókn. Eitt af fyrstu verkum nýs ráðherra var að skipa nefnd til að endurskoða lög um landmælingar og kortagerð. Einkanlega var nefndinni falið að skoða hvert eigi að vera hlutverk hins opinbera í landmælingum og kortagerð. Líklegt er að breytingar verði á lagagrundvelli Landmælinga Íslands í kjölfar tillagna nefndarinnar þar sem meiri áhersla en áður verður lögð á kjarnaverkefni. Mikilvægt er að þessar breytingar séu vel ígrundaðar til þess að Landmælingar Íslands geti þróast og eflst eins og undanfarin ár og verið leiðandi á sínu fagsviði hér á landi. Einnig er mikilvægt að tryggja að grunnupplýsingar um landið séu aðgengilegar hverjum sem á þarf að halda og að gæði þeirra upplýsinga verði tryggð eins og kostur er.

Magnús Guðmundsson


Viðhorf til LMÍ

Apríl 2004



Viðhorf til gæða á vörum

Apríl 2004



Starfsmenn og stjórnun

Starfsmannamál

Á undanförunum árum hafa Landmælingar Íslands lagt áherslu á nútímalega mannauðsstjórnun þar sem fjölskylduvænt starfsumhverfi, tækifæri til endurmenntunar, jafnrétti og heilsuefling hafa verið í fyrirrúmi. Gerðar hafa verið viðhorfskannanir þar sem niðurstöður hafa verið notaðar til að bæta starfsaðstæður og starfsanda. Jöfnuður milli kynja hefur aukist í starfseminni og frá árinu 2001 hefur hlutfall kvenna verið örlítið hærra en hlutfall karla. Heildarfjöldi starfsmanna á árinu 2004 var 39 þar af 21 kona og 18 karlar. Ársverk hafa á undanförunum árum verið á bilinu 33 til 34 en á árinu 2004 voru ársverkin 34.

Starfsmannafélag LMÍ hefur stuðlað að öfluglu félagslífi sem m.a. felst í samveru utan vinnutíma þar sem fjölskyldum starfsfólks er gefinn kostur á þátttöku. Starfsmannafélagið sér til þess að árlega fari fram fastir viðburðir svo sem árshátíð, jólagleði og golfmót. Félagið hefur einnig staðið fyrir ýmsum öðrum atburðum og má þar nefna útilegur, gönguferðir, leikhúsferðir og ýmiss konar stutt námskeið.

Stjórnun

Skorkortið er eitt af stjórnækjum stofnunarinnar við að framfylgja stefnu hennar og mæla árangur í einstökum verkum og verkefnum. Í upphafi hvers árs eru markmið og mælikvarðar endurskoðaðir og kynntir öllum starfsmönnum. Innleiðing og þróun á skorkortinu hefur nú staðið yfir í tvö ár og ágætlega hefur tekist að fá starfsmenn til að meðtaka þessa nýju hugsun við stjórnun stofnunarinnar.

Hafist var handa við innleiðingu nýs mannauðskerfis á árinu en það er í kjölfar þeirrar stefnu ríkisins að allar stofnanir þess noti sama kerfi við skráningu launa og annarra þátta er varða starfsmenn. Mannauðskerfið á í framtíðinni eftir að auka möguleika starfsmanna og stofnunarinnar á því að halda utan um upplýsingar um starfsmanninn, tímaskráningar, starfsþróun og frammistöðu svo eitthvað sé nefnt.

Í lok árs rann út samningur við fyrirtækið Teit Jónasson um akstur starfsmanna, sem búa á Reykjavíkursvæðinu, til og frá Akranesi. Ákveðið var að fara ekki í nýtt útboð en í stað þess eru tveir fólksbilar stofnunarinnar notaðir og sjá starfsmenn sjálfir um aksturinn.

Samstarf

LMÍ hafa átt í miklu samstarfi við aðrar stofnanir bæði innlendar og erlendar undanfarin ár, sem meðal annars felur í sér gagnkvæma miðlun á sérfræðikunnáttu. Þetta hefur leitt til þess að sérfræðingar frá stofnuninni hafa tekið að sér kennslu við menntastofnanir eins og Fjölbrotaskóla Vesturlands á Akranesi, Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Á árinu starfaði sérfræðingur í landfræðilegum upplýsingakerfum frá Statens Kartverk í Noregi í 6 mánuði hjá stofnuninni en slíkt samstarf stuðlar að gagnkvæmri miðlun þekkingar og reynslu.



Starfsmenn og makar þeirra




Frá árlegu golfmóti LMÍ



Sigríður Anna Þórðardóttir er nýr umhverfisráðherra sem tók við embætti í september 2004

Menntun starfsmanna LMÍ



Stafræn gagnasöfn

Landmælingar Íslands bjóða notendum fjölmörg landfræðileg gagnasöfn. Þar er einkum um að ræða vektorgögn, rastaútgáfur korta, loftmyndir og heildarmyndir af landinu byggðar á gervitunglamyndum.



Dæmi um notkun IS 50V, göngukort á NV-landi

IS 50V – Uppfærsla stafræna gagnagrunnsins

Unnið var við uppfærslur eða endurbætur á flestum lögum IS 50V grunnins á árinu en þau eru 7 alls: hæðarlínur, vatnafar, samgöngur, mannvirki, yfirborð, mörk og örnefni. Einkum fór fram vinna við endurbætur á vatnafari og hæðarlínum þar sem tekið var tillit til athugasemda sem bárust frá notendum auk þess sem byggt var á gæðaeftirliti innanhúss. Nöfnum á stöðuvötnum hefur nú verið bætt inn sem eigindum í vatnafarið og opnar það ýmsa leitarmöguleika. Uppfærsla var gerð á strandlínu í þéttbýli og voru notaðar til þess SPOT-5 gervitunglamyndir auk loftmynda. Stjórnsýslumörk voru uppfærð, einkum vegna sameininga sveitarfélaga, en í árslok voru sveitarfélög landsins 101 talsins. GPS mælingar á vegum árið 2004 beindust einkum að þeim svæðum sem ekki höfðu verið mæld áður og má segja að lokið hafi verið við mælingar á öllum helstu vegum landsins. Þá var einnig farið í að endurmæla vegi sem mældir voru árið 1998 en vegakerfið hafði breyst nokkuð frá þeim tíma, auk þess sem nú er unnið eftir öðrum verklagsreglum en þá.

Undirbúningur að uppfærsluáætlun IS 50V gagnagrunnsins hófst í árslok 2004 með gerð gagnalíkans sem tekur á öllum þáttum er varða viðbætur, verkferla, vensl, staðla og birtingu úr gagnagrunninum. Áætlað er að þeirri vinnu ljúki á fyrri hluta ársins 2005. Með nýju gagnalíkani verður auðveldara að halda utan um breytingar í grunninum og miðla þeim til notenda.

Í árslok 2004 voru afnotasamningar vegna IS 50V gagnagrunnsins á annað hundrað talsins en þar er um að ræða einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. IS 50V hefur fest sig í sessi í flestum stofnunum sem stunda kortagerð, einnig hafa mörg sveitarfélög notað grunninn við gerð aðal- og svæðisskipulags.

IS 500V – Yfirlitsgagnagrunnur

Útbreiddasta vektorgagnasafn Landmælinga Íslands er IS 500V. Þetta heildargagnasafn af landinu sem miðast við mælikvarða 1:500 000 hefur verið á markaði í hálfan annan áratug og er það uppfært árlega með nýjum upplýsingum. Notkunarmöguleikar eru margvíslegir s.s. gerð þemakorta eða birting mismunandi upplýsinga auk þess sem gagnasafnið er nýtt við margvíslegar greiningar og vinnslu í landupplýsingakerfum. Gagnasafnið samanstendur af 6 lögum sem eru: vatnafar, samgöngur, hæðarlínur, þéttbýli, örnefni og stjórnsýslumörk. Notendur IS 500V gagnasafnsins skipta tugum á Íslandi og má nefna að grunnurinn er notaður við kortaútgáfu.




IS 500V er m.a. notað við gerð Ferðakorts 1:500 000



Sölu- og útgáfumál

Nýjar útgáfur

Á árinu gáfu Landmælingar Íslands út 3. útgáfu af Ferðakortabókinni vinsælu í mælikvarða 1:500 000. Bókin er sem fyrr hlaðin nytsömum upplýsingum fyrir ferðamenn og má meðal annars nefna sérkort af þekktum ferðamannastöðum, götukort af Reykjavík, Akureyri og Seyðisfirði auk fjölda þemakorta sem sýna margs konar gagnlegar upplýsingar sem nauðsynlegt er að hafa á ferðalögum.



Þriðji kortadiskur Landmælinga kom einnig út á árinu og nefnist hann Sérkort Landmælinga Íslands. Á honum er að finna 11 sérkort af þekktum svæðum og ferðamannastöðum, samsett kort í mælikvarða 1:25 000 af Suðvesturlandi og Héraði auk ferðakorts 1:750 000, nýrra sveitarfélagakorta og kjördæmakorts.

Á árinu komu einnig út tveir glæsilegir upplýsingabæklingar um útgáfur stofnunarinnar. Annar bæklingurinn fjallar um prentaðar og stafrænar útgáfur Landmælinga Íslands sem er að finna hjá endursöluaðilum um allt land. Í hinum bæklingnum er m.a. að finna kynningu á stafrænum gögnum stofnunarinnar, s.s. IS 50V, rastakortum, loftmyndum, gervitunglamyndum og lýsigögnum.



Sölumál


Sértekjur Landmælinga Íslands vegna sölu korta, loftmynda, stafrænna gagna og annarrar þjónustu námu 41,4 milljónum króna á árinu 2004, birtingagjöld námu um 3 milljónum. Alls voru tekjur um 44,4 milljónir og lækkuðu um 15% frá árinu áður.

Salan var að mestum hluta í samræmi við áætlanir. Hefðbundin ferðamannakort seldust vel en þau er að finna á tæplega 300 sölustöðum á landinu. Útgefnum titlum hefur fækkað nokkuð á undanförunum árum. Ferðakort 1:250 000 eru þannig á þremur kortblöðum í stað níu áður, útgáfu korts í mælikvarða 1:750 000 hefur verið hætt og nokkur sérkort hafa selst upp og ekki verið endurprentuð, s.s. Mývatn og Þingvellir. Próunin er í samræmi við stefnu stofnunarinnar og þá staðreynd að mjög víða eru til kort, gefin út af fyrirtækjum eða samtökum, af vinsælum stöðum. Kortin eru í flestum tilvikum byggð á gögnum frá Landmælingum Íslands og má þar t.d. nefna göngukort sem gefin hafa verið út af Fljótisdalshéraði og þjónustukort af Suðurlandi.


Stafræn kort seldust vel og samkvæmt áætlun. Er svo komið að yfir fjórðungur af heildarsölnunni kemur frá sölu stafrænna gagna.

Aukning varð á árinu í sölu sérfræðiþekkingar hjá Landmælingum Íslands en starfsmenn stofnunarinnar hafa verið eftirsóttir í ýmis verkefni er snúa að sérviðum þeirra. Þar má m.a. nefna landmælingar, kortagerð og kennslu.

Sala stafrænna gagna 2004





Sértekjur 2004



Sértekjur

í milljónum króna





Fyrstu niðurstöður endurmælingar grunnstöðvanetsins

Landmælingar

Endurmæling landshnitakerfisins

Landshnitakerfi landsins, svo kallað grunnstöðvanet, var mælt upp á nýtt 4. – 14. ágúst 2004. Vegna þess hve hreyfing landsins er mikil (að meðaltali 2 cm á ári) er talið nauðsynlegt að mæla allt netið á 10 ára fresti til að tryggja áreiðanleika og nákvæmni þess. Upphafleg mæling grunnstöðvanetsins fór fram sumarið 1993 í samvinnu ýmissa íslenskra stofnana, sveitarfélaga og með stuðningi þýsku mælingastofnunarinnar BKG.

Þetta umfangsmikla verkefni hófst í október 2003 en þá var byrjað að undirbúa endurmælingu grunnstöðvanetsins.

Til að skipuleggja verkefnið og tryggja náíð samráð við lykilstofnanir, bæjar- og sveitarfélög, komu Landmælingar Íslands á fjögurra manna stýrihópi. Hlutverk hópsins var meðal annars að tryggja samráð við alla sem komu að verkefninu og sáu um undirbúning og skipulagningu; s.s. að undirbúa mæliplan og skipuleggja mælihöpa. Stýrihópin skipuðu fulltrúar frá Landmælingum Íslands, Veðurstofu Íslands, Vegagerðinni og Landsvirkjun.



Mælitækin gerð klár

Mælingarnar byrjuðu við mælistöð nálægt Reykholti í Borgarfirði miðvikudaginn 4. ágúst kl. 9 og setti umhverfisráðherra, Sív Friðleifsdóttir, fyrstu mælinguna í gang. Að því loknu hófu 19 aðrir mælingahópar mælingar á 34 mælistöðvum á Norðurlandi. Í mælingahópunum voru 34 mælinga- og aðstoðarmenn sem dreifðu sér um landið á 19 vel útbúnum jeppum með 35 GPS landmælingatæki. Hóparnir mældu staðsetningu allra mælistöðva sem voru mældar 1993 auk 11 til viðbótar. Fara þurfti á um 130 staði víðs vegar á landinu, jafnt í byggð sem í óbyggðum og aðstoðaði Landhelgisgæsla Íslands við að komast á erfiðustu staðina með þyrlu. Mælingarnar gengu í alla staði vel, veðrið lék við mannskapinn allan tímann en olli einnig röskun á vinnutíma því ekki var hægt að þvera sumar jökulár nema snemma dags vegna vatnavaxta.



Umhverfisráðherra Sív Friðleifsdóttir mælir fyrsta punktin

Með tilkomu grunnstöðvanetsins er bæjar- og sveitarfélögum, stofnunum, fyrirtækjum og almenningi gert kleift að nota sama grunn við mælingar og kortagerð. Jafnframt auðveldar sameiginlegt grunnstöðvanet öll samskipti og samvinnu um kort og landfræðileg gögn er tengjast m.a. verklegum framkvæmdum, skipulagi og landupplýsingakerfum. Netið kemur í stað þríhyrninganets sem var mælt 1955 og 1956 en fullnægði ekki lengur kröfum um nákvæmni og aðgengi.



Til að áréttá mikilvægi endurmælingar grunnstöðvanetsins má nefna nokkur verkefni sem lúta að öryggi eða stórframkvæmdum í samfélaginu og byggja á nákvæmni og áreiðanleika hnitakerfisins. Öll kortagerð og skipulagsvinna í landinu bæði í þéttbýli og dreifbýli byggir á grunnstöðvanetinu og sífellt eru gerðar meiri kröfur um nákvæmni. Með tilkomu landupplýsingakerfa er landshnitakerfið grundvöllur þess að bæjar- og sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki og almenningur geti unnið með samræmdum hætti við mælingar og kortagerð. Einnig má nefna að grunnstöðvanetið er notað við landmælingar sem Flugmálastjórn Íslands gerir fyrir flugvelli landsins og tengjast aðflugi, leiðsögn og öryggi í flugi. Veðurstofa Íslands vaktar stöðugt jarðskorpuhreyfingar með GPS-mælistöðvum meðal annars til að reyna að sjá fyrir jarðskjálfta eða eldgos. Landsvirkjun og Vegagerðin nýta grunnstöðvanetið við allar mælingar sem gerðar eru vegna virkjanaframkvæmda, vegagerðar, gagnagerðar, og rannsókna vegna umhverfismats.




Landmælingar Íslands lögðu mikinn metnað í að endurmælingin tækist sem best en þetta er í fyrsta skipti í sögu landmælinga á Íslandi sem Íslendingar sjá sjálfir um undirbúning og framkvæmd á svo viðamiklum mælingum. Til glöggvunar þá voru það Danir sem mældu strandlínu Íslands 1801-1819 og hefur það verið kallað Strandmælingar Íslands, einnig mældu þeir fyrir kortagerð frá 1900-1939. Þríhyrninganet sem var mælt árin 1955-1956 var gert í samstarfi við Dani og Bandaríkjamenn og mælingar á nýju grunnstöðvaneti 1993 voru unnar með aðstoð og fjárstuðningi frá þýsku landmælingastofnununum BKG (þá IfAG) og IfE.



Ein af lögboðnum skyldum Landmælinga Íslands er að byggja upp og viðhalda íslenska grunnstöðvanetinu með það að markmiði að útvega fullgilda og áreiðanlega undirstöðu fyrir allar mælingar hvort sem er á vegum hins opinbera eða einkaaðila. Landmælingar Íslands þakka öllum starfsmönnum, stofnunum, bæjar- og sveitarfélögum og björgunar-sveitum í landinu fyrir framlag þeirra og frábært samstarf í þessu verkefni.

Hæðarkerfið

Eins og mörg undanfarin sumur var hallamælt í samvinnu við Landsvirkjun og Vegagerðina. Fyrri part sumars var lokið við að hallamæla frá Íshólsvatni og norður um Bárðardal og tengt við fyrri mælingar um hringveginn. Samtals voru hallamældir um 50 km á þessu svæði. Eftir mælingarnar á Norðurlandi var hallamælt frá Hrauneyjum niður til Landmannalauga og áfram suður eftir og komið niður Skaftárdal og síðan tengt við fyrri mælingar um hringveginn, alls um 110 km. Aðstæður voru oft erfiðar fyrir hallamælingar sumarið 2004 bæði vegna veðurs og vegna erfiðra og hæðótttra leiða og töfðust því mælingarnar stundum vegna þess. Þetta sumar var ekki GPS- eða þyngdarmælt á hæðarmerkjum meðfram nýjum hallamælinum, en stefnt er að því að vinna það verkefni á árinu 2005.




Fjarkönnun

Landmælingar Íslands hafa ásamt 15 öðrum innlendum stofnunum staðið fyrir kaupum á SPOT-5 gervitunglamyndum af Íslandi. Myndir hafa verið pantaðar á hverju sumri síðan 2002 og eru nú til um 50 myndir af landinu sem teknar voru 2002, 2003 og 2004. Enn á eftir að taka 17 myndir til þess að ná myndabekju af öllu landinu og er áætlað að því ljúki á þessu ári.

Myndirnar eru keyptar með fjölnotendaréttindum og hafa allar opinberar stofnanir sem taka þátt í þessum myndakaupum rétt til þess að nota þær í tengslum við starfsemi sína. Einnig geta þær stofnanir sem enn eru ekki þátttakendur í SPOT-5 myndakaupunum gerst aðilar að þessu merka verkefni og fengið aðgang að myndunum með því að taka þátt í fjármögnun kaupanna.

SPOT-5 myndirnar hafa mikla greinihæfni (2,5m) og þar sem þær eru jafnframt á hagstæðu verði marka þær að mörgu leyti tímamót í notkun fjarkönnunargagna hér á landi. Þær eru notaðar við náttúruvannsóknir, kortagerð og uppfærslu kortagrunna og hvers kyns umhverfiseftirlit. Í því sambandi má sérstaklega nefna verkefni við gróðurrannsóknir og gróðureftirlit sem og fyrirhugaða landnýtingarflokkun hér á landi í samræmi við verkefni sem þegar hafa verið unnin í löndum Evrópubandalagsins.



Mikið bættist í þekju SPOT-5 mynda á árinu 2004



Rekstrarreikningur ársins 2004


	2004	2003
Tekjur		
Kortasala*	26.146.519	38.517.288
Birtingaleyfisgjöld	3.017.920	3.222.123
Önnur sala**	15.232.538	10.650.486
Tekjur samtals	<u>44.396.977</u>	<u>52.389.897</u>
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	142.319.433	133.959.750
Ferða- og fundakostnaður	17.496.574	18.623.254
Aðkeypt þjónusta	23.681.676	63.994.096
Húsnæðiskostnaður	20.130.267	17.705.269
Annar rekstrarkostnaður	24.633.096	13.852.398
Birgðabreyting	5.869.003	(9.061.197)
Rekstrargjöld samtals	<u>234.130.049</u>	<u>239.073.570</u>
Eignakaup	997.397	6.998.463
Gjöld samtals	<u>235.127.446</u>	<u>246.072.033</u>
Gjöld umfram tekjur án fjármagnsliða	<u>(190.730.469)</u>	<u>(193.682.136)</u>
Fjármagnstekjur, (fjármagnsgjöld)	<u>305.197</u>	<u>1.610.200</u>
Gjöld umfram tekjur	<u>(190.425.272)</u>	<u>(192.071.936)</u>
Framlag úr ríkissjóði	<u>193.600.000</u>	<u>192.800.000</u>
Tekjuafgangur (halli)	<u>3.174.728</u>	<u>728.064</u>

* Prentuð kort, kortadiskar og önnur stafræn kortagögn.

** Loftmyndir, flugdiskur o.fl.


Tekjur 2003-2004

i milljónum króna



Gjöld 2003-2004


i milljónum króna



Efnahagsreikningur 31. desember 2004

Rekstrarreikningur

í milljónum króna



Eignir

Veltufjármunir

	2004	2003
Aðrar skammtímakröfur	8.690.310	21.301.023
Birgðir	10.825.207	16.694.210
Sjóðir og bankainnstæður	16.708.930	2.706.153
Veltufjármunir samtals	36.224.447	40.701.386
Eignir alls	36.224.447	40.701.386

Skuldir og eigið fé


Skuldir og eigið fé

Eigið fé

Höfuðstóll í ársbyrjun	5.919.625	5.191.560
Tekjuafgangur (halli)	3.174.728	728.064
Höfuðstóll í árslok	9.094.353	5.919.624
Annað eigið fé		
Framlag til eignamyndunar	8.381.119	8.381.119
Annað eigið fé samtals	8.381.119	8.381.119
Eigið fé í árslok	17.475.472	14.300.743

Efnahagsreikningur

í milljónum króna



Skuldir

Ríkissjóður	13.615.037	11.801.132
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	5.133.938	14.599.511
Skammtímaskuldir	5.133.938	14.599.511
Skuldir samtals	18.748.975	26.400.643
Skuldir og eigið fé	36.224.447	40.701.386

Sjóðstreymi árið 2004

Handbært fé frá rekstri	2004	2003
Veltufé frá rekstri		
Tekjuafgangur (halli)	3.174.728	728.064
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé		
Birgðabreyting	5.869.003	(9.061.197)
Veltufé frá rekstri samtals	9.043.731	(8.333.133)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	12.610.713	794.378
Viðskiptaskuldir, hækkun (lækkun)	(9.465.573)	(1.436.427)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	3.145.140	(642.049)
Handbært fé frá rekstri	12.188.871	(8.975.182)
Fjármögnunarhreyfingar:		
Breyting á stöðu við ríkissjóð		
Framlag ríkissjóðs	193.600.000	192.800.000
Greitt úr ríkissjóði	195.413.905	192.641.133
Fjármögnunarhreyfingar	1.813.905	(158.867)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	14.002.776	(9.134.048)
Handbært fé í upphafi árs	2.706.153	11.840.201
Handbært fé í lok árs	16.708.929	2.706.153


Lykilmælikvarðar í skorkorti 2004

Mæling grunnstöðvanets
Ímynd LMÍ og viðhorf notenda
Stofnunin standist rekstraráætlun
Notkun vefsíðu
Mælingar í hæðarnetinu
Framleidd og endurskoðuð lög - IS 50V
Útgefin og endurskoðuð kort
Öflun gervitunglamynda
Endurmenntun starfsmanna
Ánægja starfsmanna
Sölutölur

Staðfesting forstjóra

Forstjóri Landmælinga Íslands staðfestir hér með ársreikning stofnunarinnar árið 2004 með áritun sinni.

Akranesi, apríl 2005



Magnús Guðmundsson

Landmælingar Íslands

Stíllholti 16-18 • IS-300 Akranes

Sími: 430 9000

Myndriti: 430 9090

[lmi@lmi.is](mailto:Imi@lmi.is)

www.lmi.is

National Land Survey of Iceland

Stíllholt 16-18 • IS-300 Akranes • Iceland

Tel: (+354) 430 9000

Fax: (+354) 430 9090

[lmi@lmi.is](mailto:Imi@lmi.is)

www.lmi.is